

**Fundargerð landsfundar Sjálfsbjargar Ish, haldinn í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12,
26. – 27. apríl 2024.**

1. Setning landsfundar

Landsfundur settur kl. 13:14

1.1. Ávarp formanns.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir formaður lýsti yfir ánægju með góða mætingu á 65 ára afmælisári landssambandsins og þakkaði stjórnarfólki fyrir störf sína á árinu.

1.2. Skipan fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á Helgu Völu Helgadóttur lögmanni sem fundarstjóra og Önnu Þuríði Pálsdóttur Junior Chamber International/Ísland (JCI) sem fundarritara og var það samþykkt.

1.3. Kjörbréf kynnt.

Kjörbréf voru yfirfarin og fór nafnakall fram.

Mættir fulltrúar landsfundarins voru:

Sjálfsbjörg á Akureyri – Herdís Ingvadóttir, Jón H. Jónsson, Linda Egilsdóttir og Sigrún María Óskarsdóttir.

Sjálfsbjörg í Bolungarvík – Hildur Sverrisdóttir, Ólafía Ósk Runólfssdóttir og Kristján Karl Júlíusson.

Sjálfsbjörg í Fjallabyggð – Sigurrós Sveinsdóttir og Sverrir Eyland Gíslason.

Sjálfsbjörg á Húsavík – Katý Bjarnadóttir og María Óskarsdóttir.

Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu – Frímann Sigurnýasson, Grétar Pétur Geirsson, Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Helgi Karlsson, Linda Sólrún Jóhannsdóttir, Logi Þróstur Linnet, Ólafur Bjarni Tómasson, Rúna Baldvinsdóttir, Viðar Jóhannsson og Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi – Guðni Sigmundsson og Jóna Björg Guðmundsdóttir

Sjálfsbjörg í Skagafirði – Magnús Gunnlaugur Jóhannesson og Sigurjón Heiðar Sigurbjörnsson.

Sjálfsbjörg á Suðurnesjum – Guðný P. Adolfsdóttir og Margrét Sigríður Jónsdóttir.

Áheyrnarfulltrúar - Elmar Logi Heiðarsson, Ívar Herbertsson, Rúnar Þór Björnsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Brandur Bryndísarson Karlsson.

1.4. Fundargerð síðasta landsfundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð sem lá fyrir fundargestum var ekki til staðar að öllu leyti, lagt var til að rétt fundargerð yrði yfirfarin af fundarritara síðasta árs og borin upp á framhaldslandsfundi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

1.5. Dagskrá lögð fram til samþykktar.

Dagskrá var send öllum fundargestum með fundargögnum sem lágu einnig frammi á fundinum. Var dagskrá samþykkt.

2. Inntaka nýrra aðildarfélaga Engar umsóknir lágu fyrir.

3. Skýrslur og ársreikningar

3.1. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár

Margrét Lilja formaður sagði frá starfi síðasta árs. Var skýrsla stjórnar lögð fram og fjallað stuttlega um hana.

Hollvinir Sjálfsbjargar standa vel og hafa sett af stað herferð til kynningar á starfinu sem hefur vakið athygli.

3.2. Endurskoðaður ársreikningur

Endurskoðaður ársreikningur 2023 lá ekki fyrir við upphaf aðalfundar. Rúnar Þór Björnsson gjaldkeri bar fram tillögu um að drög af endurskoðuðum ársreikningi yrði samþykktur með þeim fyrirvara að hann yrði kláraður af endurskoðendum landssambandsins og formönnum aðildarfélaga yrði síðan gefinn kostur á að samþykkja hann á formannafundi.

Lögð var fram **Breytingartillaga:**

Framhaldslandsfundur verður boðaður og endurskoðaðir ársreikningar samþykktir af öllum landsfundarfulltrúum.

Breytingartillaga var samþykkt samhljóða.

Drög að ársreikningi 2024 kynnt fundarfólki. Reksturinn er á réttri leið og fundarfólk klappaði fyrir vel fyrir störfum stjórnar.

Drög voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kaffihlé.

Fundur settur aftur kl. 14:06

4. Skýrslur aðildarfélaga

Kristján Karl Júlíusson formaður Sjálfsbjargar á Bolungarvík sagði frá öfluglu starfi félagsins þrátt fyrir smæð bæjarfélagsins. Hvatti hann önnur aðildarfélög á landsbyggðinni til að vera sýnilegri í samfélaginu og efla samstarf sín á milli.

5. Ársskýrsla Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2023 lögð fram til kynningar

Þórdís Rún Þórisdóttir framkvæmdastjóri Kjarks sagði frá starfi þeirra. Stefnbreytingar kæmu fram í meiri þverfaglegri nálgun í endurhæfingunni. Meðalaldur þjónustupega hefði lækkað sem væri ánægjulegt, og karlar væru fleiri en konur. Sífellt væri verið að bæta og stækka aðstöðuna.

Greindi Þórdís frá að árið 2023, hafi félagið átt 50 ára afmæli og var nýtt nafn kynnt, heitið Sjálfsbjargarheimilið var breytt í Kjark endurhæfingu, sem endurspeglar starfsemina betur.

Tillaga um dagskrárbreytingu

Borin var fram tillaga um breytingu á dagskrá, að bæta við dagskrárlið á fyrri degi landsfundar og rædd yrði kostnaðarþátttaka Sjálfsbjargar þegar kæmi að gistingu fundargesta Landsfundar 2024.

Dagskrárbreytingartillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

4a. Kostnaður við gistingu á landsfundi Sjálfsbjargar 2024.

María Óskarsdóttir Sjálfsbjörg á Húsavík lagði til að Landssambandið innheimti 500 krónur á hvern félagsmann innan aðildarfélaga, vegna gistikostnaðar fundargesta Landsfundar 2024.

Umræður fóru fram um tillöguna og greidd atkvæði um tillöguna. 7 atkvæði voru með en 14 atkvæði á móti og tillaga því felld.

Rúnar Þór Björnsson Sjálfsbjörg á Akureyri lagði til að Landsfundur samþykki ákvörðun formannafundar frá 16. apríl 2024 að þau aðildarfélög sem það geti taki þátt í kostnaði sinna landsfundarfulltrúa vegna Landsfundar 2024. Greidd voru atkvæði um tillöguna, 14 atkvæði voru með, 3 atkvæði á móti, tillaga samþykkt.

Fundi frestað kl. 15:26

Laugardagurinn 27. apríl 2024 klukkan 10:00

Fundarstjórinn, Helga Vala, bauð alla velkomna og hóf fundinn klukkan 10:12.

Fundarstjóri auglýsti eftir framboðum í ýmsar stöður landssambandsins. Beðið var um eina stöðu í Hjalparliðasjóð Sjálfsbjargar og eina stöðu í Minningarsjóð Jóhanns Péturs Sveinssonar.

Varaformaður landssambandsins, Rúnar Þór Björnsson, tók til máls og tilkynnti að formaður Sjálfsbjargar, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir yrði ekki á fundinum en bað fyrir bestu kveðjur til fundarmanna.

Rúnar Þór tilkynnti einnig að nýr fundarritari, Stella Eðvaldsdóttir frá JCI, hafi tekið til starfa.

1. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár kynnt, rædd og afgreidd.

Rúnar Þór, varaformaður, kynnti að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og árið 2025 yrði kynnt á komandi framhaldslandsfundi þar sem þær væru er ekki tilbúnar.

2. Ákvörðun um árgjald.

Rúnar Þór, varaformaður, kynnti tillögu stjórnar um árgjald 2025 þess efnis að árgjaldið verði 500 krónur fyrir hvern Sjálfsbjargarfélag.

Umræður urðu um að aðildarfélögin hefðu ekki greitt árgjöld undanfarin ár vegna peningaleysis. Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um árgjald fyrir árið 2025 og var hún samþykkt samhljóða.

3. Ályktanir, stefnumál og baráttumál kynnt, rædd og afgreidd.

Rúnar Þór, varaformaður, kynnti ályktun um kjaramál. Umræður fóru fram. Frímann Sigurnýasson lagði til að ályktunin verði samþykkt og fari í gegn. Guðni Sigmundsson var sáttur með ályktunina. Aðrir eru sammála því.

Miklar umræður fóru í gang vegna starfsgetumats. Viðar Jóhannsson talaði um að hver og einn hefði val um að fara í starfsgetumat og ætti það að vera val. Þuríður Harpa tók undir og sagði að margt gott væri í fyrirliggjandi frumvarpi, þar á meðal varðandi endurhæfingarpáttinn og að fólk sem nú væri á örorkulífeyri gæti valið um að fara í starfsgetumat. En margt þurfi að laga áður en frumvarpið sem nú væri til umfjöllunar á Alþingi yrði samþykkt. Félagar sögðu frá sínum áhyggjum.

Ályktunin um kjaramál var samþykkt af meirihluta fundarmanna að teknu tilliti til þess að vísað var í röng lög í ályktun.

Fundarstjóri lagði til breytingar á dagskrá þannig að farið yrði í næsta dagskrárlið og hádegisverði frestað. Var það samþykkt.

4. Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.

María Óskarsdóttir kynnti lagabreytingar fyrir hönd laganefndar.

1. Tillögur að lagabreytingum frá laganefnd Lagagrein eins og hún stendur í dag 1.

grein

Nafn, heimili og aðild

Nafn samtakanna er Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, hér eftir nefnt Sjálfsbjörg.

Samtökin eru frjáls félagasamtök, nánar tiltekið félagasamband myndað af aðildarfélögum víða um land og skráð sem félagasamtök í fyrirtækjaskrá.

Heimili og varnarþing Sjálfsbjargar er í Reykjavík.

Samtökin eru sjálfstæður lögaðili. Aðilar að samtökunum bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum og öðrum skuldbindingum samtakanna nema með félagsgjaldi sínu.

Stjórn valin af landsfundi ber ábyrgð á starfsemi Sjálfsbjargar.

Skrifstofa Sjálfsbjargar fer með daglegan rekstur samtakanna á ábyrgð stjórnar.

Framkvæmdastjóri ráðinn af stjórn stýrir skrifstofu samtakanna undir eftirliti og á ábyrgð stjórnar.

Sjálfsbjörg getur átt aðild að samtökum, innlendum eða erlendum samkvæmt tillögu stjórnar og þarf slík tillaga að hljóta samþykki landsfundar til að öðlast gildi.

Lagagrein eftir breytingu

1. grein

Nafn, heimili og aðild

Nafn samtakanna er Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, hér eftir nefnt Sjálfsbjörg.

Samtökin eru frjáls félagasamtök, nánar tiltekið félagasamband myndað af aðildarfélögum víða um land og skráð sem félagasamtök í fyrirtækjaskrá.

Heimili og varnarþing Sjálfsbjargar er í Reykjavík.

Samtökin eru sjálfstæður lögaðili. Aðilar að samtökunum bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum og öðrum skuldbindingum samtakanna nema með félagsgjaldi sínu.

Stjórn valin af landsfundi ber ábyrgð á starfsemi Sjálfsbjargar.

Skrifstofa Sjálfsbjargar fer með daglegan rekstur samtakanna á ábyrgð stjórnar.

Framkvæmdaog/eða skrifstofustjóri er ráðin af stjórn og fer með daglegan rekstur samtakanna á ábyrgð stjórnar. Sjálfsbjörg getur átt aðild að samtökum, innlendum eða

erlendum samkvæmt tillögu stjórnar og þarf slík tillaga að hljóta samþykki landsfundar til að öðlast gildi.

Gengið var til atkvæða. 24 atkvæði eru með tillögunni og lagabreytingin því samþykkt samhljóða.

Lagagrein eins og hún stendur í dag

2. grein

Markmið og hlutverk

Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi og eftir atvikum annarra fatlaðra og gæta réttinda og hagsmuna þess. Sérstaklega skal unnið að því að tryggja hreyfihömluðum félagsmönnum sem öðrum aðgengi að mannvirkjum, umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós í vinnu Sjálfsbjargar.

Helstu verkefni sem tengjast hlutverki Sjálfsbjargar eru:

- a. Að fræða, valdefla og styðja hreyfihamlað fólk um allt er varðar stöðu þess í samfélaginu, meðal annars í samstarfi við aðildarfélög Sjálfsbjargar.
- b. Að hafa áhrif á löggjafarvaldið, ríkis- og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og einstaklinga um þau mál sem varða hagsmuni hreyfihamlaðs fólks.
- c. Að vekja athygli almennings á málefnum hreyfihamlaðs fólks með útgáfu- og kynningarstarfsemi.
- d. Að hafa samstarf við hliðstæð félög, innlend og erlend.
- e. Að reka í sérstöku félagi sérhæfða heilbrigðisstarfsemi á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, sem veitir þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, sem glíma við tauga- og heilaskaða, í samræmi við samþykktir um reksturinn sem stjórn Sjálfsbjargar setur að tillögu stjórnar heilbrigðisþjónustufélagsins.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara þar sem tryggja skal nauðsynlega og fjölbreytta þekkingu innan stjórnar á stöðu hreyfihamlaðra, á sviði

heilbrigðisþjónustu og/eða endurhæfingar og fjárhagslegum rekstri (fjármálum). Tveir stjórnarmanna og einn varamaður skulu kosnir af landsfundi í samræmi við ákvæði c- liðar 13. gr. Aðrir stjórnarmenn skulu tilnefndir af stjórn Sjálfsbjargar á fyrsta stjórnarfundi eftir landsfund. Formaður stjórnar Sjálfsbjargar skal þá án tafar hlutast til um boðun stjórnarfundar félagsins þar sem stjórnin skiptir m.a. með sér verkum og kýs a.m.k. formann og varaformann, Óheimilt er að fleiri en tveir stjórnarmenn í Sjálfsbjörg taki jafnframt sæti í stjórn félagsins.

Fjárreiðum og reikningshaldi félagsins skal haldið aðskildu frá öðru bókhaldi og eignum Sjálfsbjargar. Tekjum og eignum félagsins má einvörðungu verja í þágu starfsemi þess.

Breyting:

e liður/ Að reka Kjark endurhæfingu sem sérhæfða heilbrigðisstarfsemi, Að reka Kjark endurhæfingu sem sérhæfða heilbrigðisstarfsemi á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, sem veitir þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, sem glíma við tauga- og heilaskaða, í samræmi við samþykktir um reksturinn sem stjórn Sjálfsbjargar setur að tillögu stjórnar Kjarks endurhæfingu.

Taka út Óheimilt er að fleiri en tveir stjórnarmenn í Sjálfsbjörg taki jafnframt sæti í stjórn félagsins **setja inn** Óheimilt er að sitja í báðum stjórnnum samtímis. taka út einvörðungu setja í staðin aðeins nota

Umráður sköpuðust vegna lagabreytingar. Lagabreytingin væri óskýr og ekki sett upp á réttan hátt. Því erfitt að taka afstöðu til lagabreytingar.

Lagt var til að ljúka þeim lagabreytingum sem ekki þarfnast lagfæringar fram að næsta framhalds landsfundi. Það var samþykkt samhljóða.

Lagabreyting um 2. grein er því frestað og fer aftur til laganefndar. Stjórn lagabreytingarnefndar þurfa að lagfæra breytingar sem þarf að breyta og koma síðan með breytingar á næsta framhalds landsfundi.

Lagagrein eins og hún stendur í dag

3. grein

Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar

Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar eru hreyfihamlaðir einstaklingar og aðrir fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar. Með kosningarétt á landsfundi Sjálfsbjargar fara þeir félagsmenn sem voru kjörnir fulltrúar á félagsfundum aðildarfélaga og eru orðnir 16 ára á degi landsfundar. Stjórnarmenn þurfa að vera orðnir 18 ára á degi landsfundar. Lagagrein eftir breytingu

3. grein

Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar

Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar eru hreyfihamlaðir einstaklingar og aðrir fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar. Með kosningarétt á landsfundi Sjálfsbjargar fara þeir félagsmenn sem voru kjörnir fulltrúar á félagsfundum aðildarfélaga og eru orðnir 18 ára á degi landsfundar. Stjórnarmenn þurfa að vera orðnir 18 ára á degi landsfundar.

Lagabreyting var samþykkt samhljóða.

Lagagrein eins og hún stendur í dag

8. grein

Kjörnefnd – framboð

a. Á vegum Sjálfsbjargar skal ávallt starfa 5 manna kjörnefnd og skal hún kjörin á landsfundi. Hlutverk kjörnefndar er að auglýsa á vettvangi samtakanna og taka á móti framboðum og ábendingum um einstaklinga í embætti. Kjörnefnd ber að tryggja að minnsta kosti sé einn frambjóðandi í hvert embætti er kjósa skal um á landsfundi sbr.

13. grein.

b. Framboð til embætta sem kjósa á í á landsfundi ber að tilkynna til kjörnefndarmanns í síðasta lagi 4 vikum fyrir landsfund og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Kjörnefnd skal ljúka störfum og kynna frambjóðendur á vefsíðu félagsins eigi síðar en 2 vikum fyrir landsfund. Stjórn Sjálfsbjargar skal kalla kjörnefnd saman til starfa í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert.

c. Kynning frambjóðenda skal a.m.k. innihalda nafn, aldur, heimili, netfang, símanúmer og mynd. Nöfn, netföng og símanúmer kjörnefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til landsfundar sem birt er á vefsíðu Sjálfsbjargar ásamt lista yfir nöfn þeirra sem gegna kjörnum embættum, hvenær hver var kjörinn fyrst í embættið og hvaða embætti eru til kjörs.

d. Ef einungis eitt framboð er í embætti á landsfundi er viðkomandi sjálfkjörinn. Ef fleiri en eitt framboð er um embætti skal kosið milli þeirra á landsfundinum og hlýtur sá kjör sem fær flest atkvæði. Fjöldi atkvæða ræður hvort menn verða aðalmenn eða varamenn, nema ef ef varamenn skulu kosnir sérstaklega.

Breytingar:

8. gr b. Taka út skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda

c. taka út mynd

e. Frambjóðandi þarf að vera með kjörbréf til framboðs til stjórnar eða nefnda.

f. Fulltrúar nefnda og stjórnar geta gefið kost á sér aftur eftir tveggja ára hlé.

Lagt er til að 8. grein verði frestað og fari aftur til laganefndar og þau lagfæri breytingar sem þarf að breyta og komi með breytingar á næsta framhalds landsfundi.

Tillaga var samþykkt samhljóða.

Lagagrein eins og hún stendur í dag

13. grein

Landsfundur – kosningar

Árlega skulu kosningar á landsfundi vera eins og hér segir í eftirfarandi embætti:

a. Formann stjórnar Sjálfsbjargar, gjaldkera, einn meðstjórnanda, og einn varamannskal kjósa til tveggja ára sama árið.

b. Varaformann, ritara og einn varamann skal kjósa til tveggja ára hitt árið. Í fyrsta skipti sem fimm manna stjórn Sjálfsbjargar er kosin skulu þessir stjórnarmenn kosnir til eins árs.

- c. Stjórnarmaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs í stjórn félagsins sem rekur endurhæfingarstarfsemi Sjálfsbjargar, sbr. e-lið 2. gr. Í fyrsta skipti skulu tveir stjórnarmenn kosnir, annar til tveggja ára og hinn til eins árs. d. Í kjörnefnd skulu tveir kjörnir annað árið og þrír hitt árið.
- e. Ætíð skal formaður félagsins vera hreyfihamlaður auk þess skal meirihluti stjórnarmanna. Þá skal að minnsta kosti annar varamanna í stjórn félagsins vera hreyfihamlaður.
- f. Stjórn skal leggja til hvaða aðrar nefndir skulu starfa í Sjálfsbjörg hverju sinni, fjölda nefndarmanna, hvort stjórn skipar nefndarmenn eða hvort kjósa skal í þær til eins árs eða tveggja ára á landsfundi og hvort formann nefndar skal kjósa sérstaklega. Sama á við um fulltrúa Sjálfsbjargar í stjórnnum og nefndum sem Sjálfsbjörg tilnefnir fulltrúa í. Þetta skal kynnt á vefsíðu Sjálfsbjargar 4 vikum fyrir landsfund.
- g. Fulltrúar sem kosnir eru á landsfundi Sjálfsbjargar sem aðalmenn í stjórn og nefndir fyrir hönd eða á vegum Sjálfsbjargar, skulu ekki sitja í sömu stjórn eða nefnd lengur en 6 ár samfelld. Sá sem kosinn er formaður Sjálfsbjargar getur þó setið í 6 ár þrátt fyrir að hann hafi setið í stjórn Sjálfsbjargar í öðru embætti en formanns.

Lagt er til að breytingu á 13. grein verði frestað og fari aftur til laganefndar og þau lagfæri tillögur sínar og komi með breytingartillögu á næsta framhalds landsfundi.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Lagagrein eins og hún stendur í dag

16. grein

Stjórn Sjálfsbjargar

a. Stjórn stýrir starfsemi Sjálfsbjargar og annast málefni samtakanna og hefur eftirlit með rekstri þeirra á milli landsfunda og í umboði hans en ekki einstakra aðildarfélaga.

Hún framkvæmir ákvarðanir sem landsfundur samþykkir hverju sinni og skal hafa frumkvæði að mótun stefnu Sjálfsbjargar. Stjórn kemur fram út á við fyrir hönd samtakanna og ritar

firma þess. Stjórn getur veitt meiri hluta stjórnarmanna heimild til ritunar firma samtakanna.

Stjórn hefur umsjón með eignum Sjálfsbjargar og gætir hagsmuna félagsins á allan hátt.

b. Stjórn skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi sem allir skulu kjörnir sérstaklega. Stjórn skal setja sér starfsreglur.

c. Stjórn boðar til landsfundar Sjálfsbjargar, ákveður tímasetningu hans, staðsetningu og undirbýr hann.

d. Stjórn heldur reglulega fundi að jafnaði mánaðarlega (utan júlí og ágúst mánaða) og er heimilt að fundarmenn sitji fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Varamenn fá öll fundargögn send og er heimilt að sitja stjórnarfundum án atkvæðaréttar, en taka sæti stjórnarmanns ef forföll verða.

e. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnar situr fund og allir hafa verið sannanlega boðaðir.

f. Meirihluti atkvæða stjórnarmanna ræður úrslitum komi til kosninga á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

g. Stjórn skal boða til a.m.k. tveggja formannafunda á kjörtímabilinu. Fundinn sitja formenn aðildarfélaga eða fulltrúar þeirra ásamt stjórn Sjálfsbjargar. Efni fundarins eru málefni samtakanna ár hvert. Formannafundur hefur ekki stjórnskipunarvald en getur samþykkt ályktanir.

h. Stjórn er jafnframt heimilt að boða til almenns félagsfundar eða málþinga á milli landsfunda ef hún telur ástæðu til.

Stjórn er skylt að boða til almenns félagsfundar að kröfu minnst þriðjungs formanna aðildarfélaga Sjálfsbjargar í þeim tilgangi að taka ákveðið mál til meðferðar. Kröfu um félagsfund skal senda stjórn samtakanna skriflega og greina fundarefni. Stjórn skal boða til félagsfundarins án tafar sem skal haldinn innan fjögurra vikna frá boðun. Boða skal til fundarins með netpósti til formanna aðildarfélaganna og birtingu á vefsíðu Sjálfsbjargar, sbr.

9. gr.

- i. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að sinna einstökum afmörkuðum verkefnum fyrir Sjálfsbjörg á milli landsfunda og setur þeim starfslýsingu.
- j. Stjórn tilnefnir fulltrúa Sjálfsbjargar til setu á landsfundi ÖBÍ ásamt jafn mörgum til vara. Ákvörðun stjórnar í þessu efni er bindandi.
- k. Stjórn tilnefnir árlega fyrir landsfund þriggja manna Starfskjaranefnd og skal landsfundur staðfesta tilnefninguna. Nefndin ákveður og uppfærir kjör formanns og stjórnarmanna Sjálfsbjargar og heilbrigðisþjónustufélagsins skv. e-lið 2. gr. í kjölfar landsfunda.
- l. Fundargerð skal rita á fundum og skulu þær birtar á vefsíðu félagsins svo fljótt sem verða má.
- m. Reynt skal að tryggja sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn, nefndum og á skrifstofu Sjálfsbjargar. Jafnframt skal stefnt að því að ekki sé minna en helmingur starfsfólks Sjálfsbjargar hreyfihamlað. Eins skal stefnt að því að hlutfall fulltrúa í nefndum og stjórnnum sé sem jafnast á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

Lagagrein eftir breytingar

16. grein

Stjórn Sjálfsbjargar

- a. Stjórn stýrir starfsemi Sjálfsbjargar og annast málefni samtakanna og hefur eftirlit með rekstri þeirra á milli landsfunda og í umboði hans en ekki einstakra aðildarfélaga. Hún framkvæmir ákvarðanir sem landsfundur samþykkir hverju sinni og skal hafa frumkvæði að mótun stefnu Sjálfsbjargar. Stjórn kemur fram út á við fyrir hönd samtakanna og ritar firma þess. Stjórn getur veitt meiri hluta stjórnarmanna heimild til ritunar firma samtakanna. Stjórn hefur umsjón með eignum Sjálfsbjargar og gætir hagsmuna félagsins á allan hátt.
- b. Stjórn skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi sem allir skulu kjörnir sérstaklega. Stjórn skal setja sér starfsreglur.
- c. Stjórn boðar til landsfundar Sjálfsbjargar, ákveður tímasetningu hans, staðsetningu og undirbýr hann.

d. Stjórn heldur reglulega fundi að jafnaði mánaðarlega (utan júlí og ágúst mánaða) og er heimilt að fundarmenn sitji fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Varamenn fá öll fundargögn send og er heimilt að sitja stjórnarfundum án atkvæðaréttar, en taka sæti stjórnarmanns ef forföll verða.

e. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnar situr fund og allir hafa verið sannanlega boðaðir.

f. Meirihluti atkvæða stjórnarmanna ræður úrslitum komi til kosninga á stjórnarfundum.

Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

g. Stjórn skal boða til a.m.k. tveggja sambandsstjórnarfunda á kjörtímabilinu.

Sambandsstjórn skipa formenn aðildarfélaganna eða fulltrúar þeirra ásamt stjórn Sjálfsbjargar.

Efni fundarins eru málefni samtakanna. Sambandsstjórn hefur ákvörðunarvald og getur samþykkt ályktanir.

h. Stjórn er jafnframt heimilt að boða til almenns félagsfundar eða málþinga á milli landsfunda ef hún telur ástæðu til.

Stjórn er skylt að boða til almenns félagsfundar að kröfu minnst þriðjungs formanna aðildarfélaganna Sjálfsbjargar í þeim tilgangi að taka ákveðið mál til meðferðar. Kröfu um félagsfund skal senda stjórn samtakanna skriflega og greina fundarefni. Stjórn skal boða til félagsfundarins án tafar sem skal haldinn innan fjögurra vikna frá boðun. Boða skal til fundarins með netpósti til formanna aðildarfélaganna og birtingu á vefsíðu Sjálfsbjargar, sbr.

9. gr.

i. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að sinna einstökum afmörkuðum verkefnum fyrir Sjálfsbjörg á milli landsfunda og setur þeim starfslýsingu.

j. Stjórn tilnefnir fulltrúa Sjálfsbjargar til setu á landsfundi ÖBÍ ásamt jafn mörgum til vara. Ákvörðun stjórnar í þessu efni er bindandi.

k. Landsfundur tilnefnir árlega þriggja manna starfskjaranefnd og skal einn af þeim vera gjaldkeri Landsambandsins. Stjórn tilnefnir árlega fyrir landsfund þriggja manna Starfskjaranefnd og skal einn af þeim vera gjaldkeri félagsins og skal landsfundur staðfesta

tilnefninguna. Nefndin ákveður og uppfærir kjör formanns og stjórnarmanna Sjálfsbjargar og Kjarks endurhæfingu skv. e-lið 2. gr. í kjölfar landsfunda.

l. Fundargerð skal rita á fundum og skulu þær birtar á vefsíðu félagsins svo fljótt sem verða má.

m. Reynt skal að tryggja sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn, nefndum og á skrifstofu Sjálfsbjargar. Jafnframt skal stefnt að því að ekki sé minna en helmingur starfsfólks Sjálfsbjargar hreyfihamlað. Eins skal stefnt að því að hlutfall fulltrúa í nefndum og stjórnnum sé sem jafnast á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

Lagt er til að liður k í 16. grein sé frestað fram að framhalds landsfundi. Hún fari aftur til laganefndar og þau lagfæri breytingartillögu og komi með lagabreytingartillöguna á næsta framhalds landsfundi. Tillaga um breytingu á lið k sé samþykkt samhljóða.

Guðni Sigmundsson leggur til að breytt sé orðalagi í g. lið í 16. grein frá

“Sambandsstjórn hefur ekki stjórnskipunarvald en getur samþykkt ályktanir” yfir í

Sambandsstjórn hefur ákvörðunarvald og getur samþykkt ályktanir.

19 atkvæði eru með en 5 á móti. Tillaga var samþykkt og orðalagi því breytt.

Lagagrein eins og hún stendur í dag

17. grein

Starfsfólk Sjálfsbjargar

a. Stjórn ræður framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar og ákveður laun hans og starfskjör.

b. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri og fjármálum Sjálfsbjargar.

Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Hann ræður aðra starfsmenn. Framkvæmdastjóri getur komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans.

c. Framkvæmdastjóri getur ekki setið í stjórn Sjálfsbjargar.

d. Framkvæmdastjóri skal gera grein fyrir rekstri Sjálfsbjargar og stöðu á stjórnarfundum, landsfundi og hvenær sem stjórn æskir þess.

- e. Stjórnarmenn geta ekki verið starfsmenn samtakanna. Formaður stjórnar Sjálfsbjargar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Þóknun fyrir slík verkefni skal ákveðin af starfskjaranefnd.
- f. Ávallt skal vera til staðar skýr og skrifleg verkaskipting allra.

17gr. a. Stjórn ræður framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra Sjálfsbjargar og starfskjaranefnd ræður launakjör hans.

b. Framkvæmdastjóri eða skrifstofustjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri og fjármálum Sjálfsbjargar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri/skrifstofustjóri ræður aðra starfsmenn. Formaður og varaformaður koma fram fyrir hönd félagsins

d. Framkvæmdastjóri eða skrifstofustjóri skal gera grein fyrir rekstri Sjálfsbjargar og stöðu á stjórnarfundum, landsfundi og hvenær sem stjórn æskir þess

e. Stjórnarmenn geta ekki verið starfsmenn samtakanna. Formaður stjórnar Sjálfsbjargar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Þóknun fyrir slík verkefni skal ákveðin af starfskjaranefnd. Í starfskjaranefnd eru gjaldkeri samtakana og 2 utanaðkomandi **Lagt er til að 17. grein sé færð aftur til laganefndar til lagfæringar og tekin fyrir á næsta framhalds landsfundi. Tillaga samþykkt samhljóða.**

HÁDEGISHLÉ

Tillögur að lagabreytingum Hjálparliðasjóðsins frá stjórn Hjálparliðasjóðsins þessi liður ætti að vera undir liðnum lagabreytingar en bæði fundarstjóri og fundarritari höfðu ekki upplýsingar um þennan lið og er hann því hér undir.

5. Kosningar.

Fundarstjóri lagði til að í þau embætti þar sem einn væri í framboði og því sjálfkjörinn yrði kosið með lófaklappi og var það samþykkt.

Kosið var til tveggja ára í fjögur embætti til stjórnar. Embættin voru eftirfarandi; formaður, gjaldkeri, meðstjórnandi og einn varamaður.

Formaður:

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu.

Hún var sjálfkjörin til tveggja ára.

Gjaldkeri:

Grétar Pétur Geirsson, Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu.

Hann var sjálfkjörinn til tveggja ára.

Meðstjórnandi:

Guðni Sigmundsson – Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi

Brandur Bryndísarson Karlsson - Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu

Kosning fóru fram

Guðni hlaut 23 atkvæði

Brandur hlaut 3 atkvæði

Guðni Sigmundsson var því réttkjörinn meðstjórnandi til tveggja ára Varamaður 1:

Stefanía B. Björnsdóttir - Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu Hún var sjálfkjörin.

Önnur embætti sem kosið var í til tveggja ára;

Laganefnd: tvö sæti til kjörs

Margrét S. Jónsdóttir - Sjálfsbjörg á Suðurnesjum Björk

Sigurðardóttir - Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu Teljast

þær báðar sjálfkjörnar.

Kjörnefnd - 4 sæti til kjörs. Fyrir er Björk Sigurðardóttir í nefndinni

María Óskarsdóttir - Sjálfsbjörg í Húsavík

Hildur Sverrisdóttir - Sjálfsbjörg í Bolungarvík

Sigurjón Sigurbjörnsson - Sjálfsbjörg í Skagafirði Rúna

Baldvinsdóttir - Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu Þau eru

öll sjálfkjörin.

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar Hafdís B.

Hilmarsdóttir - Sjálfsbjörg á Suðurnesjum Hún er

sjálfkjörin.

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar - Engin kosning

María Óskarsdóttir, Margrét S. Jónsdóttir og Linda Egilsdóttir sitja nú þegar í stjórninni.

Ekki þarf að kjósa neinn nýjann í stjórnina.

Kjarkur endurhæfing, kosið til tveggja ára. Ólafía Ósk

Runólfisdóttir - Sjálfsbjörg í Bolungarvík Hún er

sjálfkjörin.

Varamaður

Pála Kristín Bergsveinsdóttir - Sjálfsbjörg á Höfuðborgarsvæðinu Hún er

sjálfkjörin.

Nýkjörinn formaður, Þuríður Harpa Sigurðardóttir tók til máls og þakkaði fyrir kjörið og traustið.

6. Önnur mál.

Grétar Pétur Geirsson lýsti yfir ánægju sinni með ársreikninginn og umbætur á honum, landssambandið fór úr tapi yfir í hagnað. Hrósaði hann Margréti Lilju Aðalsteinsdóttur fyrir vel unnin störf hjá landssambandinu sem formaður Sjálfsbjargar. Bað alla um að klappa fyrir flottu ári og flottri stjórn sem hafði snúið rekstri landssambandsins yfir í hagnað.

Frímann Sigurnýasson sagði að mikilvægt væri að virkja öflugt fólk sem hafi verið fráfarandi síðustu árin. Hann hrósaði fólki fyrir vel unnin störf.

Jón Heiðar Jónsson lýsti einnig ánægju sinni með komandi stjórn og hrósaði þeim. Þuríður Harpa Sigurðardóttir, nýkjörinn formaður, þakkaði fyrir kjörið og talaði um mikilvægi góðs samstarfs og nefndi að samstarfið muni áfram verða mjög gott.

Rúnar Þór Björnsson sagði frá því að tveir félagar sætu sinn síðasta landsfund vegna aldurs, Herdís Ingvadóttir og Ívar Herbertsson. Hann þakkaði þeim kærlega fyrir gott starf.

Herdísi var veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf öll þau ár sem hún hefur starfað fyrir landssambandið.

Elmar Logi Heiðarsson minntist á laun stjórnar og að þau hafi ekki fengið sín laun í nokkra mánuði. Umræður sköpuðust um málið.

Málinu var vísað til nýkjörinnar stjórnar.

Þuríður Harpa nefndi að ekki var talað um stefnumál í lið 3. Hún lagði til að landsfundur setji á laggirnar framtíðarnefnd sem mun halda utan um stefnumótun landssambandsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Einnig bað hún nýja stjórn að hittast eftir landsfund og ræða málin.

7. Slit landsfundar

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og óskaði nýkjörinni stjórn innilega til hamingju með kjörið. Fundi frestað kl. 13.47 til framhaldslandsfundar sem haldinn verður þann 3. júní nk. kl. 16 á fjarfundi.

Framhalds landsfundur Sjálfsbjargar Ish Mánudagurinn 3.

júní, kl. 16:00 á fjarfundi.

Dagskrá fundar:

Fundur settur kl. 16:00

Formaður Sjálfsbjargar, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, bauð alla velkomna og setti fundinn. Hún tilkynnti að fundarstjóri væri Helga Vala Helgadóttir lögmaður og fundarritari væri Stella Eðvaldsdóttir frá Junior Chamber International/Ísland (JCI).

Fundarstjóri tók við fundinum.

1. Skýrslur og ársreikningar

Endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynntur, ræddur og afgreiddur.

Fundarstjóri bauð endurskoðanda Sjálfsbjargar Ljósbrá Baldursdóttur að kynna ársreikning.

Hún kynnti ársreikninginn og sagði frá því að stjórn hittist í hádeginu sama dag og fór yfir ársreikninginn, hann var samþykktur af stjórninni og undirritaður.

Ljósbrá upplýsti einnig fundarmenn um að landssambandið tapaði máli nýlega vegna launa til fyrrum starfsmanna og var launakostnaður þess inn á rekstrarreikningi ársreiknings 2024. Fór hún yfir það samhliða ársreikningi.

Samkvæmt Ljósbrá var tapið í ár svipað og árinu 2023. Benti hún á að hægt væri að lesa ársreikninginn inni á heimasíðu Sjálfsbjargar.

Umræður sköpuðust vegna ársreiknings.

Helga Vala lagði til að ársreikningurinn yrði borinn upp til samþykktar.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

2. Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar Tillögur að lagabreytingum frá laganefnd.

Ólafía hjá Sjálfsbjörg kom á skjáinn fyrir hönd laganefndar og tilkynnti fundarmönnum að lagabreytingar verði skoðaðar í vetur (2024-2025) og því kynntar á næsta landsfundi árið 2025.

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lagði til breytingar á dagskránni þess efnis að bætt yrði við dagskrárliðnum „Ályktun um hjálpartæki“. **Tillagan var samþykkt samhljóða.**

3. Ályktun framhaldsaðalfundar

Þuríður Harpa, formaður, sendi félögum ályktun um hjálpartæki fyrir viku síðan sem einnig er hægt að lesa á síðu Sjálfsbjargar. Hún kvaðst vona að félagar hafi skoðað hana vel.

Þuríður Harpa las ályktunina og urðu nokkrar umræður í kjölfarið.

Félagar voru almennt ánægðir með ályktunina og vildu að hún yrði samþykkt. Jón Heiðar talaði um að hún tóni vel við markaðsherðferð Sjálfsbjargar sem væri í gangi og kvaðst hann sjálfur mjög ánægður með hana.

Fundarstjóri bar ályktunina upp fyrir fundinn og var ályktunin samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Þuríður Harpa, formaður, greindi frá að hún hefði bókað salinn í Sjálfsbjargarhúsinu fyrir næsta landsfund sem haldinn verður síðustu helgina í apríl árið 2025.

Þuríður Harpa þakkaði fundarmönnum fyrir frábæran fund, flotta þátttöku og óskaði öllum góðs sumars.

Þuríður Harpa sleit fundinum klukkan 16:40.